

# **Lög Hnefaleikasambands Íslands (HNÍ).**

## **1) Grein - Heiti og staðsetning**

- a) Hnefaleikasamband Íslands (HNÍ) er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra félaga innan ÍSÍ sem iðka og keppa í hnefaleikum.
- b) Aðsetur sambandsins og varnarþing er í Reykjavík.
- c) Merki HNÍ er með nafni Hnefaleikasambands Íslands á íslensku og ensku og sýnir hanska hnefaleikaíþróttarinnar í gylltum lit. Í bakgrunni eru litir íslenska fánans.

## **2) Grein – Hlutverk og tilgangur**

- a) HNÍ hefur æðsta vald um öll mál hnefaleikaíþróttarinnar innan Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) og hlutverk þess er í meginatriðum:
  - i) Að vinna að stofnun nýrra félaga og deilda og efla á annan hátt hnefaleikaíþróttina í landinu.
  - ii) Að setja íslenskum hnefaleikum lög og nauðsynlegar reglur um málefni hnefaleikaíþróttarinnar á Íslandi, löggilda dómara, vinna að heildarskipulagi móta svo sem Íslandsmóta og bikarmóta.
  - iii) Að vera fulltrúi hnefaleikaíþróttarinnar í alþjóðlegu samstarfi og leitast við að reglur varðandi íþróttina á Íslandi séu í samræmi við alþjóðareglur.
  - iv) Tryggja góða stjórnarhætti innan HNÍ á grundvelli þeirra gilda sem lög þessi tilgreina.
- b) HNÍ starfar að öllu leyti sjálfstætt og er hlutlaust varðandi stjórnsmál og trúarbrögð. HNÍ skal gæta jafnræðis og jafnréttis. Skulu allir vera jafnir fyrir lögum og reglugerðum HNÍ og njóta réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

### **3) Grein – Réttur á aðild**

- a) Öll félög innan ÍSÍ, er iðka og keppa í hnefaleikum, eru aðilar að HNÍ. Hér eftir nefnd aðildarfélög. Lög þeirra skulu samræmast lögum HNÍ og ÍSÍ.

### **4) Réttindi og skyldur aðildarfélaga**

- a) Sérhvert aðildarfélag skal hafa rétt til þátttöku í skipulögðum mótum á vegum HNÍ, enda uppfylli það þátttökuskilyrði samkvæmt lögum þessum og gildandi reglugerðum HNÍ. Aðildarfélagi er skylt að virða lög, reglugerðir, reglur og ákvarðanir sem settar eru af HNÍ, European Boxing (EB) og World Boxing.
- b) Félagi sem tekur þátt í móti á vegum HNÍ ber að sjá til þess að keppendur, þjálfara, dómarar og forystumenn innan vébanda félagsins virði lög, reglugerðir, reglur og ákvarðanir HNÍ, EB og World Boxing.
- c) Félagi sem tekur þátt í mótum á vegum HNÍ er í hvívetna skylt að virða ákvarðanir stjórnar HNÍ, nefnda HNÍ og dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar.
- d) Aðildarfélag skuldbindur sig til að ástunda góða stjórnarhætti og vinna að því að efla heilbrigðan íþróttanda, koma í veg fyrir lyfjamisnotkun, vinna gegn hvers konar mismun á grundvelli trúarskoðana, kynferðis, kynhneigðar, stjórnmálaskoðana, þjóðernis eða af öðrum ástæðum.
- e) Sérhvert aðildarfélag skal bera ábyrgð á framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverki að gegna á vegum þess vegna ámælisverðrar eða óásættanlegrar framkomu þessara aðila innan vébanda HNÍ, og getur sætt viðurlögum.

## **5) Grein – Aðrar skyldur**

- a) Aðildarfélög HNÍ, keppendur og aðrir innan HNÍ skuldbinda sig til að vinna gegn hvers kyns óeðlilegum afskiptum, ólöglegri veðmálastarfsemi og hagræðingu á úrslita í viðureignum. Aðilum sem falla undir lög þessi og taka þátt í mótum á vegum HNÍ er óheimilt að taka þátt í veðmálastarfsemi, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við eigin keppni og eigin mót. Bann þetta tekur einnig til miðlunar upplýsinga í þeim tilgangi að hafa áhrif á veðmál og fela í sér fjárhagslegan ávinning.

## **6) Grein – Stjórnkerfi HNÍ**

- a) Málefnum Hnefaleikasambands Íslands er stjórnað af:
  - i) Hnefaleikapingi
  - ii) Stjórn HNÍ.

## **7) Grein – Reikningsár**

- a) Reikningsár HNÍ er almanaksárið.

## **8) Grein - Hnefaleikaping**

- a) Hnefaleikapingið fer með æðsta vald í málefnum HNÍ og skal haldið árlega eigi síðar en 30. maí. Þingið sitja fulltrúar þeirra aðila sem mynda HNÍ.
- b) Hnefaleikaping skal boðað með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda héraðssamböndum, íþróttabandalögum/sérráðum og íþróttafélögum. Málefni sem sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu og framboð til stjórnar skulu berast stjórn HNÍ a.m.k. þremur vikum fyrir þing. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing, skal senda héraðssamböndum og íþróttabandalögum/sérráðum skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið. Þingið getur þó tekið fyrir mál, borin upp með styttri fyrirvara, að fengnu samþykki 2/3 hluta þingfulltrúa.

- c) Hnefaleikaping er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

### **9) Grein – Fulltrúar á Hnefaleikapingi**

- a) Á Hnefaleikapingi hafa þingfulltrúar aðildarfélaga einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á þinginu með málfrelsi og tillögurétt hafa:
- i) Stjórn HNÍ
  - ii) Heiðursformaður og heiðursfélagar
  - iii) Framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri ÍSÍ
  - iv) Einn fulltrúi hvers héraðssambands þar sem hnefaleikar eru iðkaðir
  - v) Fastráðnir starfsmenn HNÍ
  - vi) Fulltrúar í fastanefndum HNÍ
- b) Auk þess getur stjórnin boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.
- c) Allir þingfulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi aðildarfélagi og skal skila kjörbréfum inn til stjórnar HNÍ eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing. Hver fulltrúi fer með eitt atkvæði en getur auk þess farið með önnur atkvæði, samkvæmt skriflegu umboði þess aðildarfélags sem hann er fulltrúi fyrir, þó aldrei fyrir fleiri en þrjú atkvæði.
- d) Við afgreiðslu almennra mála og í kosningum, ræður einfaldur meirihluti atkvæða, en til lagabreytinga þarf 2/3 hluta atkvæða.
- e) Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags fer eftir tölu hnefaleikaiðkenda í félaginu, þannig að fyrir allt að 25 iðkendur koma 2 fulltrúar og síðan 1 fyrir hverja 25 eða brot úr 25, allt að 100 iðkendum og þá 1 fulltrúi fyrir hverja 50 iðkendur þar fram yfir.

## **10) Grein – Dagskrá Hnefaleikaping**

- a) Dagskrá Hnefaleikapings skal vera eftirfarandi:
  - i) Þingsetning.
  - ii) Kosning þingforseta.
  - iii) Kosning þingritara.
  - iv) Kosning 3 manna kjörbréfanefndar.
  - v) Skýrsla stjórnar lögð fram.
  - vi) Álit kjörbréfanefndar.
  - vii) Ávörp gesta.
  - viii) Skoðaðir reikningar sambandsins lagðir fram til samþykktar.
  - ix) Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram.
  - x) Tillögur um breytingar á lögum og reglum HNÍ teknar til umræðu og afgreiðslu.
  - xi) Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði teknar til umræðu og afgreiðslu.
  - xii) Kosningar
    - (1) Stjórn og varastjórn, sbr 12. grein.
    - (2) Tveir skoðunarmenn reikninga.
    - (3) Fastanefndir sem starfa á milli hnefaleikapinga.
  - xiii) Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem hafa komið fram á þinginu og meirihluti leyfir.
  - xiv) Þingslit

Allar kosningar geta verið skriflegar sé þess óskað sérstaklega, annars í heyranda hljóði.

## **11) Grein – Aukaping**

- a) Aukaping má halda ef nauðsyn krefur eða ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningarfrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef

meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um aukabíng sömu reglur og um reglulegt hnefaleikabíng.

## **12) Grein – Stjórn HNÍ**

- a) Stjórn HNÍ skal skipuð fimm einstaklingum. Formaður er kosinn annað hvert ár til tveggja ára ásamt tveimur meðstjórnendum. Hitt árið eru kosnir tveir meðstjórnendur. Stjórnin skiptir með sér verkum. Árlega eru kosnir tveir einstaklingar í varastjórn til eins árs..
- b) Bráðabirgðarákvæði til að koma á víxlkosningu:
  - i) Á ársþingi 2026 skal kosning samkvæmt 12. gr. fara fram með eftirfarandi hætti til að koma á víxlkosningu:
    - (1) Kosinn formaður og tveir meðstjórnendur til tveggja ára.
    - (2) Kosnir tveir meðstjórnendur til eins ár.

## **13) Grein – Störf stjórnar HNÍ**

- a) Helstu störf stjórnar HNÍ eru:
  - i) Að framkvæma ályktanir og samþykktir hnefaleikabíngs.
  - ii) Að annast rekstur sambandsins.
  - iii) Að vinna að eflingu hnefaleikaíþróttarinnar um land allt.
  - iv) Að semja leikreglur og reglugerðir fyrir hnefaleikaíþróttina.
  - v) Að sjá um að farið sé eftir viðurkenndum reglum, lögum sambandsins og fyrirmælum hnefaleikabíngs.
  - vi) Að ákveða stund og stað fyrir hnefaleikabíng.
  - vii) Að raða niður og ákveða stað og stund fyrir landsmót og bikarmót. í samráði við héraðssambönd/íþróttabandalög og stjórnir aðildarfélag.
  - viii) Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
  - ix) Að sinna fyrir hönd Íslands alþjóðlegu samstarfi í málefnum hnefaleikaíþróttarinnar.
  - x) Að innheimta gjöld samkvæmt samþykktri gjaldskrá af félögum/deilum.

#### **14) Grein – Umsókn um mót**

- a) Félög/deildir með iðkendur í hnefaleikum skulu skila inn viðurkenndri umsókn HNÍ til stjórnar sambandsins um mót sem þau vilja halda.

#### **15) Grein – Ágreiningsmál**

- a) Um öll ágreiningsmál er upp kunna að koma innan hnefaleikaþróttarinnar skal farið með skv. kafla 4 í lögum ÍSÍ, um dómstóla ÍSÍ.

#### **16) Grein – Heiðurfélagar HNÍ**

- a) Heiðursfélaga HNÍ má kjósa á hnefaleikaþingi.
- b) Heiðursfélagar HNÍ hafa rétt til setu á hnefaleikaþingum og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

#### **17) Grein – Heiðurformaður HNÍ**

- a) Heiðursformann HNÍ má kjósa á hnefaleikaþingi, ef 4/5 mættra þingfulltrúa samþykkja kjörið. Heiðursformaður HNÍ kemur fram fyrir hönd sambandsins þegar stjórn þess eða formaður fela honum það.

#### **18) Grein – Sambandsslit**

- a) Tillögur um að leggja HNÍ niður, má aðeins taka fyrir á lögmetu hnefaleikaþingi. Til þess að samþykkja slíka tillögu þarf minnst  $\frac{3}{4}$  hluta atkvæða kjörinna fulltrúa.
- b) Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni. Tillagan skal svo tekin til umræðu og lokaafgreiðslu á næsta hnefaleikaþingi. Verði hún þá samþykkt aftur með  $\frac{3}{4}$  hluta atkvæða er það fullgild ákvörðun um að leggja HNÍ niður.
- c) Sé HNÍ þannig löglega slitið, skal afhenda ÍSÍ eignir HNÍ til varðveislu.

### **19) Grein - Gildistaka**

- a) Lög þessi öðlast gildi þegar eftir samþykkt þeirra á hnefaleikabingi og að lokinni staðfestingu framkvæmdastjórnar ÍSÍ og falla þá eldri lög úr gildi.

*Þannig samþykkt á ársþingi HNI 3. maí 2025*